

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar hefur í samræmi við 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans í Vestmannaeyjum samþykkt að setja eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Að einstefna verði á Skólavegi til suðurs frá Tangagötu að Strandvegi.
2. Að einstefna verði á Bárustíg til norðurs frá Strandvegi að Tangagötu.
3. Að einstefna verði á Hilmisgötu frá bílastæði við Arnardranga að Vestmannabraut.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. Vestmannaeyjabæjar, 16. október 2025.

Umhverfis- og framkvæmdasvið,
Brynjar Ólafsson framkvæmdastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 18. nóvember 2025